

# Kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands

## Selalátur við strendur Íslands


### Leiðbeiningar um notkun

1. útg., 1. maí 2018

Kortasjáin sýnir útbreiðslu samtals 430 landselslátra á 93 talningasvæðum og 86 útselslátra á 19 talningasvæðum. Hægt er að kalla fram upplýsingar um staðsetningu selaláttra og fjölda sela á talningasvæðum. Einnig er hægt að skoða breytingar á milli ára og stofnstærðarlíkan. Nákvæmni selaláttra miðast við mælikvarða 1:25.000.


Kortasjáin er skoðunarhæf í flestum snjalltækjum, en best er að skoða hana í hefðbundnum borð- og fartölvum.

Hnappar og virkni í kortasjónni eru hefðbundin og fylgja ArcGIS Online-hugbúnaðinum sem notaður er við uppsetningu kortasjónnarinnar.



Hægt er að prenta úr kortasjónni með því að hægrismella músabendli á kortið og velja „Print“ eða gera skjáskot af kortaglugganum.

**Yfirlitskort:** Yfirlitskortið er alltaf í suðaustur horni kortasjárinnar og sýnir staðsetningu kortagluggans hverju sinni (grár kassi). Ör í horni yfirlitskortsins er til að birta og fela það. Örvatáknið þar fyrir ofan er til að stækka yfirlitskortið og nær það þá yfir allan kortagluggann. Útlit yfirlitskortsins er alltaf í samræmi við valið bakgrunnskort. Gráa kassann á yfirlitskortinu er hægt að draga yfir á aðra landshluta og breytist þá aðalkortið til samræmis.



### Þysja inn og út, mismunandi kortastærð



Hefðbundin tól til að þysja inn og út, og til að skoða kortið í mismunandi mælikvarða.



Húsið (heim) setur kortið í upphaflegan mælikvarða eins og það var þegar kortasjáin var opnuð.

### Hnappastikan



Misjafnt er hvaða hnappar eru sýnilegir og fer eftir skjástærð tækja, en tveir hnappar eru alltaf til staðar. Punktur undir hnappi (sjá hnappastiku hér fyrir ofan) tákna að hann er virkur.



**Kortasjá NÍ:** Upplýsingar um kortasjá, leiðbeiningar og ítarefni.



**Meira:** Opnar box með þeim hnöppum sem í boði eru en sjást ekki í hnappastiku.

Hnappar og virkni þeirra:

1  Kortasjá NÍ	2  Tímasleðinn	3  Kortabekjur	4  Skýringar
5  Bakgrunnskort	6  Mæla	7  Bókamerki	8  Leita


1. **Kortasjá NÍ:** Upplýsingar um kortasjá, leiðbeiningar og ítarefni.

2. **Tímasleðinn:** Gögn eru sett upp í tímaröð (líkan) og hægt er að skoða breytingar sem orðið hafa í fjölda landsela á árunum 1980–2016 og fjölda útsela á árunum 1982–2012.



Stjórnsluggi opnast í kortasjá sem hægt er að draga til og staðsetja hvar sem er í kortaglugga. Með því að smella á spilunarhnapp (hringur) fer af stað keyrsla í tímaröð sem hægt er að stöðva hvenær sem er með því að smella á pásuhnapp. Örvar eru notaðar til að fara fram og til baka í tíma. Hraða spilunar er stjórnað með því að velja hraða frá 0,25x til 2x í hnappi lengst til hægri. Til að hætta skoðun og loka tímasleðanum er smellt á x efst í hægri horni.

3. **Kortabekjur:** Landupplýsingabekjur kortasjárinnar. Þegar kortasjáin er opnuð er alltaf kveikt á



tveimur kortabekjum *Landselur (Phoca vitulina)* og *Útselur (Halichoerus grypus)* og undir hvorri fyrir sig er kveikt á tveimur þekjulögum af fimm, þ.e. *Selalátur* og *Tölningasvæði*. Þekjurnar sýna útbreiðslu 430 landselslátra á 93 tölningasvæðum og 86 útselslátra á 19 tölningasvæðum. Kortlagningin byggist á tölningagögnum síðustu áratugi en landselir hafa verið taldir reglulega síðan 1980 og útselir síðan 1982.

Til að velja önnur þekjulög þarf að opna þekjurnar með því að smella á gráu örina vinstra megin við valboxið og opnast þá listi yfir þekjulög. Til að virkja kortabekju eða þekjulag og birta í kortasjánni er hakað við í tilheyrandi box fyrir framan heiti. Hægt er að nota táknið efst til hægri í valglugga til að kveikja eða slökkva á öllum þekjum í einu.

Þekjulögin *Tölningar 1980–2016* og *Tölningar 1982–2012* gefa yfirlit yfir fjölda sela á tölningasvæðum eftir árum í súluritum. Þekjulögin *Breytingar milli ára 1980–2016* og *Breytingar milli ára 1982–2012* sýna breytingar á fjölda sela á tölningatímabilinu eftir svæðum (fækkun/fjölgun). Þekjulögin *Landselafjöldi árin 1980–2016 (líkan)* og *Útselafjöldi árin 1982–2012 (líkan)* sýna stofnlíkan eftir svæðum. Í tímasleða (sjá lið 2 að framan) er hægt að skoða þróun líkansins, tölur sem birtast á milli tölningaára eru útreiknaðar.

4. **Skýringar:** Litir og tákni á þekjum sem eru virkar í kortaglugganum.
5. **Bakgrunnskort:** Hægt er að velja á milli tveggja mismunandi bakgrunnskorta.

6. **Mæla:** Hægt er að mæla flatarmál, vegalengd og fá fram staðsetningarhnit. Hægt er að velja á milli mælieininga, t.d. metrar, hektarar eða kílómetrar.
7. **Bókamerki:** Hægt er að „frysta sjónarhorn“ kortagluggans og geyma í þessum hnappi.
8. **Leita:** Hægt er að leita eftir örnefnum á Íslandi. Örnefnin eru sótt úr gagnagrunni Esri kerfisins.

#### Mælikvarðar:

Nákvæmni selaláttra miðast við mælikvarða 1:25.000.

Í þekjulögunum *Selalátur* birtast lítil svæði sem tákni þegar allt landið er skoðað en þau breytast í afmörkuð svæði (fláka) þegar þysjað er inn.

Þekjur fyrir seli eru sýnilegar í öllum mælikvörðum kortasjárinnar. Í þekjunni *Þangfjörur og árósar* birtast gögnin í nákvæmari mælikvarða, frá 1:500.000 til 1:25.000.

#### Upplýsingar um selalátur og talningarsvæði:

Upplýsingar um fjölda sela á talningarsvæðum eru sóttar með því að smella á viðkomandi talningarsvæði. Sprettur þá upp upplýsingagluggi með nafni talningarsvæðis og töflu með fjölda sela eftir talningarári og útlína svæðisins verður blá. Ekki er óalgengt að fleiri en einn gluggi sé til fyrir valið svæði. Ef svo er kemur fjöldi upplýsingaglugga fram efst í vinstra horninu og hægt er að flakka á milli glugga með því að nota örvarnar efst til hægri. Ekki er talið árlega og því eru ekki til gögn fyrir hvert ár innan tímabilsins. Á sumum svæðum vantar talningagögn einstaka ár.

